

11. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 11. október á Varmalandi

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÞ) á fjarfundi, Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Rakel Másdóttir (RM) á fjarfundi, Hallbera Eiríksdóttir (HE), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

Formaður setti fund kl. 18:03

1. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og fjármálastjóra

- AIP fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi.

2. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar

- 12. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 4. fundargerð móta- og viðburðanefndar

3. Staða nefndarstarfs og verkefni

- Farið yfir stöðu verkefna stjórnar, nefnda og skrifstofu.

4. Hvatningarverðlaun

- HSV – Karlahreysti Íþróttafélagsins Vestra. Verðlaunin eru veitt fyrir áralangt óeigingjarnt starf í þágu íþróttafélags og samfélagsins og eftirtektarvert framlag til lýðheilsamála
- ÍS – Starfsemi Grindavíkur. Stjórn og iðkendur Ungmennafélags Grindavíkur hafa staðið í ströngu við að halda starfsemi félagsins í gangi frammi fyrir einum af mestu hamförum í sögu Íslands. Stjórn félagsins hefur staðið í stafni og starfað með óeigingjörnum hætti í þágu samfélagsins.
- HSS – Verkefni Skíðafélags Strandamanna. Viðurkenning fyrir eftirtektarvert og óeigingjarnt starf Skíðafélags Strandamanna og fyrir uppbyggingu á aðstöðu félagsins.

Samþykkt að veita hverju verkefni kr. 100.000 verðlaunafé.

5. Mótahald

- Lokaskýrslur fyrir mótahald 2023 lagðar fram.
- Umsóknir um unglíngalandsmót og landsmót UMFÍ 50+ 2026 lagðar fram. - Stjórn vísar umsóknunum til móta- og viðburðanefndar.

6. Bréf sem borist hafa

- Bréf frá HSH vegna úthlutunar úr fræðslu- og verkefnasjóði. Formanni falið að svara bréfitara.

7. Fundir og ferðir

- 17.09.'24. Heimsókn frá barna- og menntamálaráðuneyti í þjónustumiðstöð UMFÍ.
- 11.10.'24. Heimsókn Ásmundar Einars Daðasonar á Varmaland í tengslum við vinnufund starfsfólks svæðisstöðva íþróttahéraða.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.

Fundi slitið kl. 19:15
SÓJ ritaði fundargerð